

Heklaður kjóll – Lokaverkefni á Stúdentsbraut

Hvers vegna? Mig langaði til þess að hekla eitthvað sem lokaverkefni og mér fannst tilvalið að hekla sumarkjól fyrir sumarið.

Innblástur? Ég leitaði á Pinterest eftir hugmyndum. Mig langaði að gera einhvern sumarkjól. Svo fann ég myndband á Youtube sem var með þessum sumarkjól.

Skrefin

Ég byrjaði á því að hekla tvo þríhyrninga og festi þá svo saman. Þegar ég heklaði þríhyrningana þá heklaði ég tvöfaldan stuðul í aftari lykkju. Eftir að ég var búin að festa þá saman að þá bætti ég við nokkrum röðum af tvöföldum stuðli.



Ingibjörg Ásdís Heimisdóttir
LOKA3VE05

Þegar ég var búin að gera toppinn þá gerði ég eina röð af neta lykkjum, þá geri ég nokkrar loftlykkjur og hoppa svo yfir nokkra stuðla. Svo breytti ég í þrefaldan stuðul. Það gerði ég í nokkrar umferðir og svo gerði ég aftur eina röð af neta lykkjum.



Ingibjörg Ásdís Heimisdóttir
LOKA3VE05

Svo hélt ég áfram að hekla þangað til að mér fannst þetta vera komið nógu langt niður. Þá heklaði ég loftlykkjur sem að myndu ná utan um mig.

Eftir það byrjaði ég að hekla þrefaldan stuðul í loftlykkjurnar og hélt svo áfram hringinn. Svo bætti ég alltaf við nokkrum lykkjum í hverri umferð með útaukningu. Þetta gerði ég þangað til að kjóllinn passaði yfir mittið. Svo hélt ég áfram að gera venjulega þrefalda stuðla.



Ingibjörg Ásdís Heimisdóttir
LOKA3VE05

Mér fannst ég gera pilsíð á kjólnum svolítið laust þannig að ég vildi aðeins þrengja það. Svo þá tók ég úr lykkjur nokkrum sinnum í hverri umferð. Ég gerði þetta þangað til að mér fannst þetta passa á mig og eins og ég vildi hafa það

Svo heklaði ég bara þangað til að ég var ánægð með lengdina. Í lokin gerði ég eina umferð af neta lykkjunum.

Þegar ég var búinn að hekla kjólinn þá átti ég eftir að setja bönd á hann. Ég festi bara nálina í efsta partinn af þríhyrningunum og gerð loftlykkjur þangað til að bandið var orðið eins langt og ég vildi hafa það. Gerði það sama hinum megin og þræddi svo böndin í gegnum bakið á kjólnum.

Allra seinasta skrefið var að ganga frá endum og svo þrífa kjólinn. Með því að þrífa kjólinn að þá gat ég aðeins teygt hann til og mótað hann betur.

Þetta er stærsta hekluverkefnið mitt hingað til. Þetta var ákveðin áskorun fyrir mig þar sem það eina sem að ég hef heklað eru smáhlutir. Einu fötin sem ég hef gert er bara mjög einföld húfa. Það gerðist þó nokkuð oft að ég þurfti að rekja upp. Aðallega var það samt vegna þess að mér finnst erfitt að líta framhjá litlum mistökum í heklinu.



Kjóllinn að framan



Kjóllinn að aftan